

## AUGLÝSING

### (VI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 1182 frá 21. desember 2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

#### Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 1182 frá 21. desember 2011 gilda um úthlutun byggðakvóta byggðarlaga í Ísafjarðarbæ með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist og verður:  
Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði 1. másl. c-liðar 1. gr. breytist og verður svohljóðandi:  
Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. desember 2011.
- c) Við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist nýr másl. sem verður 1. másl., svohljóðandi:  
Það aflamark sem eftir er af byggðakvóta Ísafjarðarbæjar frá fiskveiðiárinu 2010/2011, 139,8 þorskígildistonn skiptist milli fiskiskipa á Flateyri miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010.
- d) Ákvæði 1. másl. sem verða 2. og 3. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:  
Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags skal vera þannig að 50% af byggðakvóta hvers byggðarlags skal úthluta jafnt til fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. annarra en skipa með frístundaveiðileyfi, þó að hámarki 5 tonn á hvert skip. Ef 5 tonna hámark á skip nær ekki 50% af úthlutuðum byggðakvóta skal úthluta því sem eftir er eins og gert er ráð fyrir að úthluta hinum 50%, sbr. hér að neðan.  
Að öðru leyti skal úthlutun fara fram til einstakra fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu, sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2012.*

F. h. r.

**Arndís Á. Steinþórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Nordmann.*